
Aukning urðunar í landi Fíflholta á Mýrum, Borgarbyggð

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 15. apríl 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Sorpurðunar Vesturlands að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar aukinnar urðunar í landi Fíflholta á Mýrum, Borgarbyggð, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Við undirbúning ákvörðunar fóru sérfræðingar Skipulagsstofnunar í vettvangsferð að Fíflholtum.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Aukning urðunar í landi Fíflholta á Mýrum, Borgarbyggð. Tillaga að matsáætlun. Sorpurðun Vesturlands og Environice, apríl 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Borgarbyggð með bréfi dags. 19. júní 2019
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 20. júní 2019
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. maí 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupóstum 15. maí og 20. júní 2019.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Framtíðarstefna Íslands í úrgangsmálum

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Sorpurðun Vesturlands hf. telji líklegt að úrgangur til urðunar muni aukast í nokkur ár til viðbótar en að því komi að hann fari minnkandi vegna krafna um aukna endurvinnslu og takmarkana á leyfðri urðun.

Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili þurfi í frummatsskýrslu að gera grein fyrir því hvernig aukin heimild urðunar falli að framtíðaráformum Íslands í úrgangsmálum einkum forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs. Bent er á nauðsyn þess að taka saman tímasetta áætlun þar sem áætluð er framtíðarsýn um það sorp sem komi til urðunar í Fíflholtum á næstu árum með hliðsjón af stefnu stjórnvalda í að draga úr urðun.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig aukin árleg urðun úrgangs í Fíflholtum fellur að stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum einkum forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.



Umfang mats á umhverfisáhrifum

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að framkvæmdin feli í sér aukningu á því magni sem urðað verði árlega í urðunarrein 4, sem hafi verið tekin í notkun í ársbyrjun 2013, en ekki stækkun á urðunarsvæðinu. Því muni mat á umhverfisáhrifum einkum beinast að þáttum sem varði rekstur urðunarstaðarins, s.s. áhrifum aukinnar starfsemi á vatnsgæði, loftmengun, hávaða o.fl., auk malarnáms til uppfyllingar og yfirborðsfrágangs. Ekki verði fjallað sérstaklega um áhrif beinna framkvæmda við undirbúning og gerð sjálfs urðunarstaðarins, s.s. áhrif jarðvegsframkvæmda og efnistöku á landslag, ásýnd svæða, gróður- og dýralíf o.þ.h., enda tengist þessi áhrif eingöngu framkvæmdum sem þegar sé lokið. Byggt verði á matsskýrslu frá 1997 og öðrum fyrirliggjandi gögnum svo sem grænu bókhaldi, áhættumati með umsókn um endurnýjun starfsleyfis 2012 og úttekt á botnþéttingu og lekt jarðlaga 2012. Leitað verði annarra gagna og upplýsinga eftir því sem þörf krefji.

Umhverfisstofnun bendir á að árið 2017 voru liðin 20 ár frá því mat fór fram á umhverfisáhrifum urðunar í Fíflholtum og því sé nauðsynlegt að meta áhrif aukinnar urðunar á ný þó svo notast sé við eldri gögn við mat ákveðinna umhverfisþátta líkt og ásýnd og lífríki.

Framkvæmdaraðili tekur fram að hann muni bregðast við athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar við gerð frummatsskýrslu en telji að fyrirhuguð aukning árlegrar urðunar í núverandi urðunarein muni ekki hafa önnur eða meiri áhrif á nærliggjandi votlendi, landslag, ásýnd, gróður- og dýralíf en sú starfsemi sem fyrir er. Því telji hann ekki nauðsynlegt að endurskoða umhverfismat frá 1997 fyrir umhverfisþætti á borð við landslag, ásýnd svæða, gróður- og dýralíf o.þ.h., heldur eingöngu fyrir þá umhverfisþætti sem tengist rekstri urðunarstaðarins og verði fyrir áhrifum af þeirri aukningu á árlegu úrgangsmagni sem um ræði.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að langur tími sé liðinn frá upphaflegu umhverfismati og að nauðsynlegt sé að meta áhrif á tiltekna umhverfisþætti í ljósi fenginnar reynslu. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif starfseminnar á þá rekstrarþætti sem reynsla hefur fengist af frá því að urðun hófst í Fíflholtum. Einkum áhrif á vatn (sigvatn), loftgæði (þ.m.t. lykt), fok frá urðunarstaðnum, ásýnd, meindýr og vargfugl, samfélag með hliðsjón af því hvernig sambýli við nálæga bæi hefur verið.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að núllkostur muni hugsanlega leiða til þess að leita þurfi annarra úrræða til að meðhöndla úrgang frá Vestfjörðum og e.t.v. einhvern hluta úrgangs frá Vesturlandi og í honum gæti einnig falist að hætt yrði að taka á móti lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum og að flokkun yrði aukin í hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Umhverfisstofnun telur framangreint í raun vera nýjan valkost, en ekki núllkost framkvæmdar, sem ætti að fjalla um sem slíkan. Jákvætt sé ef fjallað verði um aukna flokkun og endurnýtingu lífræns úrgangs í frummatsskýrslu.

Framkvæmdaraðili tekur fram að hann muni taka tillit til ábendinganna í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf auk núllkosts að gera grein fyrir þeim möguleika að einstök sveitarfélög flokki og endurvinni meira af tilfallandi úrgangi s.s. lífrænum úrgangi heima fyrir og þar með verði dregið úr urðun í Fíflholtum.

Lífríki

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að á urðunarsvæðinu hafi orðið nokkrar breytingar á gróðri og dýralífi frá því að starfsemi hófst þar fyrir tveimur áratugum. Gróður hafi aukist vegna gróðursetninga, uppgræðslu á yfirborði aflagðra urðunarreina og friðunar svæðisins fyrir beit. Þá hafi hröfnun og sílamáfum í ætisleit fjölgað. Í frummatsskýrslu verði ekki fjallað sérstaklega um



gróðurfar og dýralíf, enda ekkert sem bendi til að aukning á árlegu úrgangsmagni hafi í för með sér breytingar umfram þær sem urðu í tengslum við upphaflegan undirbúning urðunarsvæðisins fyrir tveimur áratugum.

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um áhrif aukinnar og hraðari urðunar á votlendi svæðisins, sem njóti verndar og vert sé að endurskoða fyrra mat eftir starfsemi urðunarstaðarins í 20 ár og eftir að móttaka úrgangs hafi verið og muni verða, umtalsvert meiri en gert hafi verið ráð fyrir í fyrra umhverfismati.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum þess á umhverfið að urðað verði meira magn á skemmri tíma en upphaflega stóð til.

Gassöfnun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir að kerfi til að safna gasi frá rein 4 verði komið í fulla notkun um mitt ár 2019.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur jákvætt að í matsskýrslu verði upplýst um gassöfnun á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að vert sé að fjalla um hvernig skuli tryggja virkni kerfisins og hvort áform séu um að markaðssetja það gas sem safnað verði og nýta.

Framkvæmdaraðili tekur fram að hann muni taka tillit til ábendinganna í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig gassöfnun er og verður háttáð, svo og möguleikum til nýtingar gassins.

Mæling á mengun í sigvatni

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um áhrif aukins úrgangs á gæði vatns og jarðvegs á svæðinu, hugsanlegar breytingar á sigvatnshreinsun, veitingu sigvatns í viðtaka og mælingaáætlun starfsleyfis.

Umhverfisstofnun „*telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að vera ítarleg umfjöllun um annars vegar lekt jarðlaga, sem hægt er að fá úr fyrri athugunum frá 2012, og hins vegar umfjöllun um mælingar á mengunarefnum sem berast af urðunarstaðnum eins og staðan er í dag með vísun í niðurstöður vöktunar sigvatns. Stofnunin telur að rekstraraðili þurfi að greina frá því hvernig rekstraraðili hyggst uppfylla kröfur um verndun vatns og jarðvegs skv. I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 við aukna heimild um urðun úrgangs.*“

Framkvæmdaraðili tekur fram að hann muni taka tillit til ábendinganna í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna á lekt jarðlaga á urðunarstaðnum og niðurstöðum vöktunar á sigvatni. Ennfremur verði gerð grein fyrir hvernig rekstraraðili hyggst uppfylla kröfur um verndun vatns og jarðvegs skv. I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003.

Fok frá urðunarstað

Greint var frá því í fréttum síðastliðið vor að úrgangur fyki frá urðunarstaðnum í Fíflholtum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að úrgangur fjúki frá urðunarstaðnum. Gera þarf grein fyrir fyrirbyggjandi ráðstöfunum til að hindra fok s.s. með mönum og gróðursetningu. Einnig þarf að greina frá ráðstöfunum til að fanga það sem fýkur frá urðunarstaðnum. Þá þarf að gera grein fyrir þeim fokvörnum sem þeim sem flytja sorp að Fíflholtum er gert að viðhafa.



Ásýnd

Þegar komið er að Fíflholtum má sjá að urðað hefur verið fremur hátt í holtinu. Þá eru vinnuvélar vel sýnilegar frá þjóðvegi.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig ásýnd að urðunarsvæðinu er frá þjóðvegi og hvort og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að draga úr sýnileika starfseminnar.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa, gera grein fyrir hvernig henni er hagað og hvaða breytingar kunna að vera áformaðar, eftir því sem við á. Koma þarf fram hvar og hvernig niðurstöðum vöktunar er komið á framfæri. Jafnframt þarf að gera grein fyrir helstu niðurstöðum þeirrar vöktunar sem fram hefur farið frá því að urðunarstaðurinn var tekin í notkun.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig aukin árleg urðun úrgangs í Fíflholtum fellur að stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum, einkum forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.
2. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif starfseminnar á þá rekstrarþætti sem reynsla hefur fengist af frá því að urðun hófst í Fíflholtum. Einkum áhrif á vatn (sigvatn), loftgæði (þ.m.t. lykt), fok frá urðunarstaðnum, ásýnd, meindýr og vargfugl, samfélag með hliðsjón af því hvernig sambýli við nálæga bæi hefur verið.
3. Í frummatsskýrslu þarf auk núllkosta að gera grein fyrir þeim möguleika að einstök sveitarfélög flokki og endurvinni meira af tilfallandi úrgangi s.s. lífrænum úrgangi heima fyrir og þar með verði dregið úr urðun í Fíflholtum.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum þess að urðað verði meira magn á skemmri tíma en upphaflega stóð til.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig gassöfnun er og verður háttáð, svo og möguleikum til nýtingar gassins.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna á lekt jarðlaga á urðunarstaðnum og niðurstöðum vöktunar á sigvatni. Ennfremur verði gerð grein fyrir hvernig rekstraraðili hyggst uppfylla kröfur um verndun vatns og jarðvegs skv. I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að úrgangur fjúki frá urðunarstaðnum. Gera þarf grein fyrir fyrirbyggjandi ráðstöfunum til að hindra fok s.s. með mönum og gróðursetningu. Einnig þarf að greina frá ráðstöfunum til að fanga það sem fýkur frá urðunarstaðnum. Þá þarf að gera grein fyrir þeim fokvörnum sem þeim sem flytja sorp að Fíflholtum er gert að viðhafa.
8. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig ásýnd að urðunarsvæðinu er frá þjóðvegi og hvort og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að draga úr sýnileika starfseminnar.
9. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa, gera grein fyrir hvernig henni er hagað og hvaða breytingar kunna að vera áformaðar, eftir því sem við á. Koma þarf fram hvar og hvernig niðurstöðum vöktunar er komið á framfæri. Jafnframt þarf



að gera grein fyrir helstu niðurstöðum þeirrar vöktunar sem fram hefur farið frá því að urðunarstaðurinn var tekin í notkun.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 10. september 2019.

Reykjavík, 8. ágúst 2019

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson